

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framseti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiða-
eftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Gjört að Bessastöðum, 28. marz 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

8. marz 1968.

Nr. 16.

L Ö G

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Hans Samúelssyni, stýrimanni, Bræðraborgarstíg 19, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimanns- og skipstjóra-skírteini á fiski- og verzlunarskipum af hvaða stærð sem er, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómanna-skólanum í Marstal í Danmörku jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.